



STADSETNING Í BÆJARLANDINU

Núverandi fyrirkomulag:

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu en svæðið er aflagt efnistökusvæði og er meira og minna raskað af þeim völdum. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og óbyggt svæði. Hluti er skilgreindur sem íbúðasvæði sem kallar á aðalskipulagsbreytingu samhliða þessu deiliskipulagi. Þar sem ekki er lengur efnistaka til staðar þarf að ganga frá svæðinu með það í huga að svæðið verði útivistarsvæði með skógrækt.

Tillaga að deiliskipulagi:

Deiliskipulagið felur í sér að gengið er frá núverandi svæði, landið mótað og grætt upp. Svæðið er 13.86ha að stærð og gert er ráð fyrir að mynda uppgræddan fláa með trjágróðri í grúbbum með það í huga að hægt sé að nota svæðið fyrir sleða eða skíði að vetrum. Svæðið liggur á móti suðri og er skjólgott og þar sem botninn verður græddur upp biður svæðið uppá möguleika til ýmissa leikja.

Greinargerð - samantekt

Lögd er áhersla á að ganga frá gömlu efnistökusvæði á þann hátt að það nýstist til útivistar og skógræktar. Svæðið á að aðlagast og tengjast þeim útivistarmöguleikum sem eru til staðar auk þess að tengjast núverandi stígakerfi. Þar sem um mikinn landhalla er að ræða þarf að gera fláa sem geta nýst bæði til skíða- og sleðaiðkunar og eins eru aðstæður þess eðlis að svæðið gæti orðið ákjósanlegur áningarstaður. Mikil skjólsæld er inni í námunnri og snýr hún á móti suðri.

Gönguleiðir tengjast nálægum göngustígum og einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að nota núverandi akstursslóða til þess að komast að brekkubrún.

Bilastæði verður staðsett við suðurenda svæðisins og ekki verður hægt að keyra inn í námuna.

Birkikjarr við vestur- og norðurenda svæðisins skal halda sér.

Engar fornleifar eða fornminjar fundust á svæðinu.

Landmótun og uppgræðsla: Gera skal fláa frá brekkubrún og skal hallinn vera 1:4 þ.e.a.s. að móta afliðandi línu frá brekkubrún og 60 m inn á miðju svæðisins. Í botn námunnar og í brekku skal græða upp gras. Í trjágrækt er leyfilegt að nota birki, greni, furur og Reynitré ásamt íslenskum gróðri í undirlag undir grúbbur.

Jarðefni: Einungis verður leyft að nota náttúruleg jarðefni sem henta vel til landmótunnar. Ómengaður jarðvegur eins og grjót, mól, sand, mold og leir og einnig garðaúrgangur eins og gras, greinar og plöntuleifar. Stór tré skal setja niður í minni einingar. Ekki er leyfilegt að losa hrossatað nema með samþykki Framkvæmdasviðs Hafnarfjarðar.

Leiksvæði og áningarstaður: Hægt verður að setja upp leiktæki eins og sýnd eru á teikningu og eiga þau að vera utan skíða- og sleðasvæða. Á sumrin má koma fyrir bekkjum og borðum.

DEILISKIPULAG ÞETTA SEM FENGID HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VÍÐ ÁKVÆÐI 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR

ÞANN: 14.08.2012

OG Í BÆJARSTJÓRN

ÞANN: 28.08.2012

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ: 18.06.2012

MEÐ ATHUGASEMDARFRESTI TIL: 30.07.2012

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN:



SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulagsins
- Núverandi hæðarlínur
- Nýjar hæðarlínur, tillaga að fyllingu.
- Ný gróðursetning
- Núverandi malarvegir
- Göngustóðar
- Grassvæði
- Sleða- skíðabrekka
- Bilastæði
- Upprunalegt birkikjarr

DEILISKIPULAG FYRIR EFTISTÖKUSVÆÐI VÍÐ HAMRANES

BREYTINGAR:



DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR

DATE: 25. APR 2012	NO: 1/2000	SCALE: 1:2000	PROJECT: HAFNARFJARÐARBYGGINGAR- OG BYGGINGARRÁÐI
--------------------	------------	---------------	---